



Fimmtudaginn 8.9. var haldið málþing um parkinsonveiki í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda. Parkinsonteymi taugasviðs Reykjalundar hafði frumkvæði að málþinginu ásamt Taugalæknafélagi Íslands, en einnig tóku þátt fyrirlesarar frá Landspítala og Háskóla Íslands. Þingið var stutt af GlaxoSmithKline sem sá um skipulag og alla ytri umgjörð málþingsins.

Parkinsonteymi Reykjalundar hefur unnið markvisst að sérhæfðri endurhæfingu fólks með parkinsonveiki síðan 1999 og aflað sér þekkingar erlendis, auk þess að stýra rannsóknum á fólki með parkinsonveiki. Þó nokkrar nýjungar hafa orðið á þessu sviði síðastliðin tíu ár en markmið þessa málþings var að miðla af reynslu og koma til skila þeirri þekkingu sem hefur safnast til annarra fagaðila.

Málþingið tókst mjög vel. Dagskráin var metnaðarfull og spannaði stórt svið en margir miðluðu bæði af reynslu sinni og sögðu frá nýjustu niðurstöðum í vísindaheiminum. Fólk var ánægt með fyrirlestrana og uppbyggingu málþingsins.

Alls sóttu rúmlega 100 manns málþingið en því miður urðu margir frá að hverfa vegna plássleysis. Hugmyndir voru reifaðar um frekari samvinnu þvert á stofnanir fyrir þennan sjúklingahóp. Mikilvægt er að fólk með langvinna sjúkdóma hafi sinn sess í velferðarkerfinu og fái rétta meðferð og þjónustu á hverjum tíma.